

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2005, fimmtudaginn 9. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 13:00.

Viðstaddir voru Alfreð Þorsteinsson formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, Jón Pálmi Pálsson bæjarritari Akranesi, Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri Borgarbyggð, Helga Jónsdóttir borgarritari í Reykjavík, Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri Borgarfjarðarsveit, Hólmgrímur Bjarnason og Páll Steingrímsson endurskoðendur, Guðmundur Þóroddsson forstjóri, Ásgeir Margeirsson aðstoðarforstjóri, Tryggvi Friðjónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Ólafur Jónsson.

1. Stjórnarformaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á Helgu Jónsdóttur sem fundarstjóra og Ólafi Jónssyni fundarritara.
2. Formaður flutti skýrslu stjórnar.
3. Lögð fram ársskýrsla Orkuveitunnar fyrir árið 2004 svo og umhverfisskýrsla fyrir sama ár. Forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi Orkuveitunnar fyrir liðið starfsár. Fundarstjóri bar upp til samþykktar ársreikning fyrir árið 2004 og var hann samþykktur samhljóða.
4. Lögð fram tillaga um arðgreiðslu til eigenda og meðferð hagnaðar eða taps svohljóðandi:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur eftirfarandi til við aðalfund sem haldinn verður 9. júní n.k:

Að eigendum verði greiddur arður vegna ársins 2004 að fjárhæð 1.417.112 þ.kr.

Arðurinn skiptist þannig skv. eignarhlutföllum 31. desember s.l:

Eignarhluti 31.12.2004:

Reykjavíkurborg	93,539%	1.325.552
Akranesbær	5,528%	78.338
Borgarbyggð	0,761%	10.784
Borgarfjarðarsveit	0,172%	2.437
Samtals		1.417.112

Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2005 á vormánuðum 2006.

Að þeim sveitarfélögum sem hafa undirgengist ábyrgðir vegna skulda Orkuveitu Reykjavíkur verði greitt sérstakt ábyrgðargjald sem nemur 0,0625% ársfjórðungslega af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga.

Reykjavíkurborg	96,426%	67.498
Akranesbær	2,754%	1.928
Borgarbyggð	0,379%	265
Borgarfjarðarsveit	0,086%	60
Hafnarfjörður	0,299%	209
Garðabær	0,057%	40
	100%	70.000

Ábyrgðargjaldið skiptist skv. hlutfallslegri ábyrgð á skuldbindingum í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjald árið 2005 er áætlað 70.000 þ.kr, og skiptist þannig miðað við ábyrgðahlutfall í árslok 2004 á milli sveitarfélaga:

Skipting á ábyrgðum breytist við nýjar lántökur og afborganir af eldri lánunum.

Samþykkt er að hagnaði verði bætt við óráðstafað eigið fé.

Samþykkt samhljóða.

5. Lögð fram tillaga um þóknun til stjórnarmanna svohljóðandi:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 9. júní 2005 ákveður að stjórnarlaun ársins 2004 verði 80.000.- kr á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði 22.500.- kr á fund.

Aðalfundur heimilar að greitt verði inn á stjórnarlaun fram að næsta aðalfundi.

Samþykkt samhljóða.

6. Lýst kjöri stjórnar:

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 7. þ.m. voru eftirtaldir fulltrúar kosnir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til eins árs.

Alfreð Þorsteinsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Tryggvi Friðjónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Til vara: Valur Sigurbergsson, Stefán Jón Hafstein, Svandís Svavarsdóttir, Kristján Guðmundsson og Gísli Marteinn Baldursson.

Formaður stjórnar var kjörinn Alfreð Þorsteinsson og varaformaður Sigrún Elsa Smáradóttir.

Á fundi bæjarráðs Akraness þann 2. júní s.l. var Guðmundur Páll Jónsson kosinn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Varamaður var kosinn Ágústa Friðriksdóttir.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga varðandi endurskoðanda Orkuveitunnar.

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 9. júní 2005 samþykkir að Delottie h.f. endurskoðunarfyrtæki verði endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur næsta ár.

Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 13:42

Helga Jónsdóttir
Linda Björk Pálsdóttir

Jón Pálmi Pálsson
Páll S. Brynjarsson